

Fossar og strengleikir

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Einfaldleikinn og glíman við hann er alltaf jafn áhugaverður í myndlist og í hvaða formi sem hann birtist.

Það er og ákaflega skynsamlegt hjá ungum listamönnum, að leggja út af einhverju einföldu stafi í listsköpun sinni og þrautvinna það — nálgast það frá öllum mögulegum hliðum. Þessu fylgir og minni hætta á að kallsigla í alls konar tilraunum í litum og formi, sem eru þó ólíkt hraustlegri vinnubrögð hjá ungu fólki, sem vill bjóða heiminum birginn.

En hér kemur einnig til eðlislæg kennd viðkomandi gagnvart miðli sínum, sem er ákaflega mismunandi, að ekki sé sterkara að orði kveðið. Sumir þurfa að reyna allt mögulegt til þess að finna sjálfa sig, eins og það heitir, en vinnubrögð annarra falla fljótlega í ákveðinn farveg, sem rennur mjúklega veginn fram líkt og tær lækur, sem fellur svo þrúðlega stall af stalli og tekur næstum ofan í leiðinni.

Samlíkingin á við myndir þær, sem **Guðbjörg Lind** sýnir í Gallerí Nýhöfn fram til 22. febrúar, átján olíumálverk og fjórar vatnslitamyndir. Guðbjörg hefur, frá því ég man til hennar fyrst, viðhaft ákaflega traust og skynsamleg vinnubrögð, markað sér bás og unnið einarðlega innan hans, þannig að eiginlega gátu læri-meistarar hennar lítið sagt. Hún virtist hafa hlutina svo skýrt fyrir sér, að samfelld, einarðleg vinnubrögð væru hennar eini og áhrifaríkasti leiðbeinandi. Eða alveg sérstakur kennari, helst prófessor, er félli vel að hugmyndaheimi hennar. Annir hjá hinum og þessum eiga ekki við slíkt skaplyndi, sem gerir þá kröfu að viðkomandi leiðbeinandi gjörþekki nemandann.

Á sýningu Guðbjargar í Gallerí Nýhöfn, sem er hennar veigamesta til þessa, koma fram ýmsir bestu eðliskostir hennar, sem eru lit- og formræn fágún ásamt hnitmiðuðum vinnubrögðum.

Stefið að þessu sinni er í kringum fossa og bunulæki, sem á stundum eru einir sér í landslaginu og skera þá myndflötinn á ýmsa vegu eða þeir tengjast borði



Guðbjörg Lind myndlistarkona.

eða dýri á margs konar hátt, — bunulækur fellur af hamrabrún, sem glittir í einhvers staðar efst á myndfletinum, tengist borði, flæðir og hlykkjast um það á ýmsa vegu eða gengur eins og ódáinsfæða niður í vélinda furðudýrsins. Vinnubrögðin eru í anda þess sem sést hefur frá listakonunni á sýningum og sölugalleríum á undanförunum árum, en hún er á mikilli þroskabraut, að því er ég best fæ séð.

Kannski er það besta við sýninguna, hve hreint Guðbjörg vinnur — hér eru engin hjálpargögn á ferð né krassandi áhrifafrögð og svo augljóst er þetta, að það sem var sjálfsagður hlutur í mínu ungdæmi, virkar næstum eins og nýjung í dag!

Auðvitað má kenna áhrif frá samtímalist svo sem eðlilegt er, en það sem skiptir máli er, að viss persónueinkenni skína í gegn og gefa fyrirheit um enn frekari landvinninga í náinni framtíð.

Hrynjandi og sérstakur andblær fossins kemur kannski sterkast fram í vatnslitamyndunum, sem eru einfaldar en þó áhrifaríkar. En annars var ég sátastur við heildaráhrifin í myndunum „Hengifoss“ (2), „Huldumóða“ (9), „Leysing“ (21) og „Einn á fjöllum“ (6), sem stingur í stúf við aðrar myndir og gæti verið fyrirboði nokkurra breytinga.

En þó held ég að í þessu tilviki skipti meginmáli að viðhafa áfram hin yfirveguðu vinnubrögð, sem Guðbjörg Lind hefur á svo þokkafullan hátt tamið sér fram að þessu.